

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, MARZ, 1905.

NR. 3.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA.



VESTRÆN SKÓLAMENNTUN.



I. Í BARNASKÓLANUM.

Hér er andrúmsloft óholt,
hér er uppfræðslan þó stolt,
hér er máttur og megin
úr menningu dregin.

Hér í hugunum inni
er heilbrigðis synjun:
Voða vatnsýki' í minni,
en visnun í skynjun.

Munu' ei glapjaskot gera
—syr mín stutturða stakan—
þeir, sem barnsvitið bera
út á kenninga-klakann?—



II. HJÁ LÆRDUM MÖNNUM.

Sérhverja hreyfing og hugargrip
þú handleikur varkárt með spekingssvip,
unz vandkvæði finnur þú öllu á.—
Í orðabók þinni' er ei NEI eða JÁ!
Þú lærdómur bókræðslu-bleikur,
þú blóðlausi heiðarlegleikur.



Indversk saga.

TEKIN ÚR ÞÝÐINGUM EFTIR HENRYK SIENKIEWICZ.

BEGGJA vegna árinna þöglu teygðu sig langar merkur. — — — Á einum stað beygðust bakkarnir með hægum líðanda ofan að fjótinu. Sandarnir breikkuðu, vatnið safnaðist fyrir og breiddi úr sér, svo þar myndaðist lítil, grunn og gagnsæ lind. — Það var vaðið.

Hvít og ljósbleik Lótus blóm spegluðust í ljósbláma vatnsins og flutu á yfirborðinu, og sáust leggir þeirra, er teygðu sig upp, alla leið neðan frá botninum, í gegn um vatnið, — svo var vatnið tært.

Marglit fíðrildi og drekaflugur svámu í ótal hringum og bugum yfir blómunum, og af landi kváðu við fuglaraddir, þýðar og angurværar, frá sólheiðu lofti og úr pálmarunnunum.

Dalur gekk þvert yfir ána til beggja handa. Öðrumegin árinna hét hann LAND LIFENDA, hinumegin LAND DAUDANS. — Allur var dalurinn skaptur af hinum almáttuga Brahma. Land lifenda fékk hann Vishnú hinum góða til umráða, en Land dauðans Síva hinum vitra, og svo sagði hann við þá: „Ráðið ríkjum þessum eftir yðar velþóknan.“

Og lífið óx og dafnaði, æddi fram og aftur um land Vishnú. — Sólin steig upp og settist. — Vötnin flæddu og fjöruðu. — Nótt kom eftir hverjan dag.

En bráðlega þyngdi í lofti, skýflókar drógust saman og röðuðu sér um himininn. Skógar þöktu landið, og það gjörðist þéttskipað mönnum og dýrum, — ólgandi hafi lifandi tilvera. — Þá skóp guðinn góði kærleikann, svo hinar lifandi verur skyldi aukast og margfaldast, og hann tengdi hann ástinni.

Að því loknu kallaði Brahma Vishnú fyrir sig, og hann sagði til hans: „Nú hefir þú skapað sælunnar land. Meiri fullkonnun verður ekki náð á jörðu. Hvíl þig nú og lát verur þessar, er þú kallar „menn“, snúa sinn eigin þráð, án nokkurra afskipta af vorri hálfu.“

Þar eftir byrjuðu menn að ráða fyrir sér sjálfir, því Vishnú hlýddi skipaninni. — En skjótt blönduðust gleðistundirnar, er á

fögnuð þeirra hafði aukið, trega tímum og söknuði. Loks skildist mönnum, og furðaði það stórum, að lífið er ekki eintómur fögnuður, og enn fremur, — að þráðurinn, er Brahma gat um, er snúinn af tveim systurum, — önnur þeirra brosir við snælduna, þá hún snýr — hin grætur.

Þeir komu því með áklaganir fyrir Vishnú—: „Drottinn! Þetta líf er fullt trega . . . Lífið er fullt grimmdar og skelfinga!“

En hann svaraði: „Leitið trausts hjá kærleikanum.“ Þeir snéru á brott ánægðir. Kærleikurinn deyfði sorg og trega. Fögnuður sá, er hann veitti, létti undir með baráttunni við þrautirnar. En kærleikurinn jók einnig framþróun lífsins, og þótt land Vishnú væri mikið, þrutu brátt ávextir skógarins, hunang býflugnanna — fæðuföng manna.

Felldu þá þeir hyggjarni tré skógarins, ræktuðu landið, sáðu og uppskáru.

Þannig varð iðnaðurinn til, og innan skamms tóku allir þátt í honum, því lífið varð ekki eingöngu honum háð, heldur og í mynd hans og tilvera. En erviðinu fylgdi áreynsla, og hvoru tveggja fylgdi þreyta. — Á ný stigu neyðaróp manna upp að hásaeti Vishnú.

„Drottinn!“ báðu þeir með upplýftum höndum, „vér erum beygðir af ánaud. Bein vor brenna í líkama vorum, vér þráum hvíld. Lífið þröngvar oss til erviðis.“

„Hinn mikli Brahma býður mér, að hafa engin atskifti af ævikjörum yðar,“ svaraði Vishnú, „en eg skal tilbúa yður það, sem veitir yður hvíld og frið.“

Og hann lét svefn falla á þá.

Þessari nýju náðargjöf tóku menn með miklum fögnuði. Í svefni gleymdust allar áhyggjur og mein. Útfjaraður þróttur óx á ný. Sem vinföst móðir þerrði svefninn öll sorgartár af augum sofendanna, og faldi þá í óminnisslæðum húms og nætur.

Svefninn lofuðu menn mjög—: „Lofaður sértu um eilífið, — þú ert vökunni og virkilegleikanum meiri, ó, lífenda líkn!“

Eins var þó vant. Svefninn var ekki eilífur. Hvað beið þeirra, er þeir risu á fætur? Nýjar þjáningar, áhyggjur, hvíldarlaust erviði. Þetta fékk svo á þá, að enn á ný, í hið þriðja sinn, gengu þeir fyrir hið alskygna auglit Vishnú.

„Drottinn!“ æptu þeir, „þú gafst oss dýrmæta gjöf— en gjöfin var ekki fullkomin. Gjör oss svefninn ævarandi!“

Vishnú lét brún síga, er hann heyrði þessa bæn, og mælti:— „Börn! það er ekki á mínu valdi. Takið vaðið út yfir ána, mun yður þar veitast það, er þér beiðist nú,— hinumegin fjótsins.“

Mannfjöldinn hlýddi og streymdi strax ofan að lindinni, og þeir fóru að horfa yfir á hinn bakkann.— Hins vegar lindarinnar lygnu, tæru og þögulu og blómþöktu var Land dauðans— ríki Síva.

Þar reis ekki sól né settist. Þar var hvorki dagur né nótt.

Yfir landinu grúfði sig grábleikur dagseturs roði. Hvergi bar þar á skugga. Bleikrjóða ljósið brauzt hvarvetna í gegnum sem úr því væri allir hlutir gjörðir. Né bar landið með sér einverublæ eða svipleysi. Þar kvísluðust dalir í ýmsar áttir, er strásettir voru hólum og hæðum, vöxnum blómgudum trjám, girtum vínviði. Þrúgur og víðistangir vöfðust að berginu. En björg, tré og urtastangir voru gagnsæ sem kristall, líkt og væri þau ofin út úr ljósinu. Víðirblöðin báru lit morgunroðans, og virtist sem allt væri hverft í meðvitundarleysi, sætt og unaðsrikt, svo að Land lifenda hafði ekkert þvílíkt þekkt.

Tilveran öll hvíldist í draumfögru, væðarríku hálförökkri og friðarljúfum eilífum svefni. Þar var engin hreyfing lofts eða lagar, blómin bærðust ekki, lafin á trjánnum blöktuðu ekki.

Það sló þögn yfir hina háværú mannþyrpingu þar á bakkannum, þegar hún leit þessa sýn strandarinnar hljóðu fyrir handan, vafða þessari geisladýrð.

„Hvílftkur friður! Hvílfk þögn!“ hvísluðu menn hljótt. „Já, þar er hvíld, þar er svefninn eilífi! Förum yfirum, leitum þess eilífa svefns!“ sögðu nokkrir, er mjög voru aflvana og að fram komnir.

Þeir gengu fram í vatnið. Það var sem hið gullna yfirborð þess gengi til beggja hliða fyrir þeim, til að greiða þeim veg. Þeir, sem eftir stóðu, reyndu að aftra hinum frá ferðinni og fá þá til að hverfa aftur, angurværir yfir viðskilnaðinum,— en til einskis. Enginn maður snéri við. Þeir héldu áfram, fjarlægðust meir og meir— heillaðir af töfrásýninni. Og mannþyrpingunni, er horfði af árbakkanum frá Landi lifenda á eftir þeim,

virtist, því meir sem þeir fjarlægðust, þess bjartara verða yfir þeim og líkamir þeirra gagnsæari. Klæði þeirra brunnu, og ljósið, sem umvaði þá, rann saman í eitt við dagseturs roðann, er fyllti Land dauðans.

Þegar þeir náðu til lands hinumegin vaðsins, féllu þeir til jarðar, og í fasta svefn,— nokkrir meðal blómanna, sumir undir greinum trjáanna, og enn aðrir fyrir neðan hamrabeltin. Augu þeirra lukust saman, og frá ásjónum þeirra lýsti sér friðarsæl hvíld,— dularfull sæla, sem meiri var en sú, er kærleikurinn á Landi lifenda gat veitt.

Þegar þeir sáu þetta, er enn biðu við vaðið, sögðu þeir—: „Ríki Síva er betra en vort.“— Og einn eftir annan fóru þeir yfir vaðið— yfir að fjarlægari bakkanum. Ungir og gamlir, menn á þroskaskeiði, eiginmenn og konur, mæður leiðandi börn sér við hlið, ungmenni og meyjar, — þúsundir hleyptu á vaðið, unz Land lifenda var nærri því í eyði.

Óttaðist þá Vishnú — með því honum var falin vernd og viðhald lífsins— fyrir afleiðingar svars þess, er hann hafði mönnum gefið í bræði sinni. Og leitaði hann því liðs hjá Brahma almáttugum.

„Miskuna mér skapari!“ sagði hann. „Að þínu boði er Land dauðans svo fagurt, friðarsælt og sæluvaðið, að menn yfirgefa ríki mitt.“

„Hvort eru engir eftir?“ spurði Brahma.

„Eitt ungmenni og ástmey hans eru enn kyr. Þau unna hvort öðru svo mikið, að heldur vilja þau fara á mis við þá cilfu sælufullu hvíld, en rænd vera þeirri unaðsríkustu nautn þessa lífs— að njóta ástar sinnar.“

„Hvers beiðist þú þá af mér?“

„Gjör ógirnilegar Land dauðans og vansælla, ella munu þessi einnig hverfa þangað, strax og vordagur ástar þeirra er að kveldi kominn.“

Brahma varð hugsí. En svo segir hann: „Nei, eg mun ekki breyta Landi dauðans. Látum menn fara yfirum fljótið, en hér eftir skal þeim vegurinn ógreiðari en áður, og lífið skal í lengjast í ríki þínu.“

Að því mæltu óf hann bléju mikla, niðsvarta, út úr nætur-

myrkrinu, ógagnsæja hverju mannlegu auga, skóp varga tvo, Fár og Ótta, og bauð þeim að halda uppi blæjunni á merkjunum beggja landanna.

Frá þeim tíma blómgaðist lífið á ný í landi Vishnú, og þótt Land dauðans væri jafn bjart og fagurt og áður, þá óttast menn samt rökkurblæju næturinnar.

UM HJÁTRÚ OG FJÖLKYNGI UPPRUNA ÞESS OG ÚTBREIÐSLU

eftir

STEFÁN SIGFÚSSON.

KYNGI OG TÖFRAR KALDEA.

Trúarbrögð Kaldea hinna fornu stóðu á allháu stigi. Guðir þeirra voru margir og margskonar, og skiftust þeir aðallega í tvo flokka, hina eldri guði, er skópu heiminn, en annars voru lítið dýrkaðir, og hina yngri, en af þeim mynduðu Anú, Bel og Ea þrenningu þá, er jafnan var æðst hinna síðari guða, er voru 12 talsins.

Anú var æðstur, drottinn stjörnuheimsins og alheimsins, Ea spekin guddómlega, er gegnumsýrir allt, sjávarguð og andi sá, er svífur yfir vötnunum, en Bel er alheimsstjörnin—forsjónin. Við hlið hvers þessa megin guðs er kvennlegur guddómur, hans „endurskin“, og er Davkina kona Ea tíðast nefnd. Sonur þeirra var Silik-mulu—Khi eða Muruduk, eins og hann nefndist á Assyrisku.

Auk þess trúðu Kaldear á fjölda vætta, er mikils voru ráðandi í náttúrunni,—náttúruöflin í persónugervi. Sjáum vér því hér andatrú á einu sínu fullkonnasta stigi. Andar eru allstaðar og eiga þátt í öllu. Þeir koma jafnt góðu sem illu til leiðar. Þeir deila ársfjórðungunum út, ráða veðrum og árferði, veita jörðunni frjósemi og gróða. Þeir flytja líka óáran og allskyns

sjúkdóma. Skæðastir illra anda eru Namptar og Idpa, persónugervi „pestarinnar“ og „Kaldeu-sóttarinnar“.

Draumar voru einnig andapersónur, er létu menn ekki í friði um nætur.

Andarnir bjuggu jafnt í lofti, láði sem lög, og lágu þeir í sífeldum innbyrðis ófriði, er aftur leiddi af sér allar breytingar í náttúrunni eftir því, hver mátti betur. Allstaðar er stríð milli guða og vætta, milli góðs og ills.

Af slíkri skoðun leiddi fjölkyngi og töfrar, því menn áttu sífellt í stríði við andana. Það var ekki á hvers manns færi, að fást við slíka andafjöld; til þess þurfti útvalda menn, er fullkomna þekkingu höfðu á andaheiminum. Við það myndaðist stétt manna—prestarnir—, og var særingarlistin þeirra aðal kunnátta og starfsemi. Prestastéttin skiftist í 3 flokka, hina eiginlegu særingamenn og lækna—töfrapresta—, stjörnuþekinga og spásagnarmenn, er hvorirtveggja fengust við fyrirsagnir óorðinna hluta.

Særingarnar voru margskonar, eftir því sem á stóð. Byrja jafnaðarlega með lýsingu á ástandinu, ef um sjúkling var að ræða, þá áheiti til guðanna, og í særingunni sjálfri kemur svo guðinn fram og segir fyrir, hvað gjöra skuli. Oftast er það Ea og sonur hans Silik-mulu-khi. Töfraprestarnir koma mest fram sem afstýrendur ýmiss bóls og sjúkleika gegn hinum illu öndum; er sóttu að lífi og eignum manna. Verndargripirnir, er þeir til þess notuðu, voru með ýmsu móti, leir og steinplötur, afskurðargeirar af fataefnum, o. s. frv., er kröftug særing var áður ritin á. Fjöldi manna bar á sér þessa gripi, ýmist að staðaldri eða ef sérstaklega stóð á.

Þetta voru hinir „helgu töfrar“, er neyttu fulltingis góðra anda eingöngu, en þá var líka galdur notaður í liðveizlu hinna illu anda til þess að vinna mönnum tjón eða koma fram hefndum. Til þess var heitið á hina illu anda, og hafa margar þær særingaþulur varðveitt í helgiritum Kaldeumanna allt til þessa.

En fróðlegasti og merkilegasti þátturinn í trúar vísindum þeirra er spásögnin. Anda og vætta trúin var ævagömul og hafði staðið um fjölda alda. Fædd og uppalin hjá Akköðum, forfeðrum Kaldeanna, gekk hún sem arfur til Assýringa og Ba-

Þýlónarmanna, er á víxl réðu löndum við Efrat og Tigris fljótin löngu síðar. Það er álit fornfræðinga, að hér um 2,000 árum f. t. t. v. hafi einskonar trúarbreyting átt sér stað meðal Kaldea. Ærið snemma höfðu þeir farið að gefa himintunglunum gaum og taka eftir gangi þeirra, og var þá svo komið, að með þessum athugunum voru þeir búnir að afla sér alveg nýrrar skoðunar á því, hvað eiginlega væri hið stýranda og stjórnaða í tilverunni. Árangur þessara athugana þeirra, ásamt spásagna og stjörnu-spekisbókum, byggðum á þeim, eru enn til, skráðar á fjölda leir spjalda, er bera með sér, að þau eru afritun enn þá eldri tafla. Af þessu fá menn allan fróðleik sinn um vísindi þeirra, sem eru merkileg bæði fyrir aldurs sakir og birting þá, er þau færa af starfi mannsandans á ævagamalla tíð.

Hin trúarlega frumhugsun í þessum stjörnufræðislegu ritum er sú skoðun, að himintunglin sé orsök alls þess, sem við ber í heiminum. Mjög snemma lærðu Kaldear það, að staða sólarinnar á himninum er það, sem skapar og ræður árstíðunum og jafn framt breytingum þeim, sem þær hafa á lifandi á jörðunni. Af þessu drógu þeir, að allir fyrirburðir jafnt í lífi manna sem í náttúrinni orsakist af innbyrðis stöðu stjarna— samstirningu. Og þeir höfðu veitt því eftirtekt, að þessar innbyrðis stöður himintunglanna reglulega og tímabundið hverfa aftur, þá hlaut af þessu að leiðast, að allir viðburðir í náttúrunni og mannlífinu hlyti stöðugt að endurtakast að lengri eða skemmri tíma liðnum. Allur galdurinn var því sá, að geta reiknað út, nær samstirningarnar gengi í garð, til þess að segja fyrir óorðna hluti.

Stjörnuspekin var Kaldeum fræðigrein sú, er knúði þá stöðugt að halda áfram stjörnuathugunum og skráum yfir þær, og þótti það í sannleika ómaksins vert, er slíkt gaf mönnum kost á að sjá og segja fyrir alla mögulega viðburði. Þeir þokuðu hinn fengnu speki sinni út enn meir og ályktuðu sem svo: Fyrst allt, sem í heiminum skeður, orsakast af hreyfingum himintunglanna, þá hljóta einnig allir samtímis jarðneskir viðburðir að standa í sjálfsögðu sambandi hvorir við aðra, og af því þeir eiga rót sína til einnar og sönu orsakar að rekja. Skrifu menn því upp hjá sér um nægilega langt tímaskeið alla merka og óalmenna viðburði, er samtímis hafa átt sér stað á jörðunni, þá eru þeir í

í færum um, að geta sagt ókomna viðburði og örlög manna fyrir.*— Þegar sama viðburðaröð endurtekst, hlýtur hún eftir þessu að hafa sömu atburði í eftirdragi, er áður leiddi af henni. Ekkert skeður af hendingu eða tilviljun, því allt orsakast af rás himintunglauna. Allt er tímabundið og endurhverfandi, af því hreyfingar þeirra eru þannig lagaðar sjálfar.

Af skoðun þessari varð til spásagnarlistin, að segja fyrir ó-öröna hluti með aðstoð jarðneskra viðburða, og er hún önnur hliðin, þar sem stjörnuspekin er hin í öllum spásagnarvísindum.

Athuganir himintunglauna, er hinir fornu Kaldear grundvölluðu stjörnulist sína á, liggja lengra aftur í tímanum, en vér höfum sögur af. Fornir rithöfundar láta þetta hlaupa í hundruðum þúsunda ára, en vér erum litlu nær fyrir það, þegar þeim heldur eigi ber saman. — Sól og tunglmyrkva kunnu þeir að reikna út 3,000 árum f. t. t. v., en til þess hafa þeir verið búnir að gjöra stjörnu athuganir svo þúsundum ára skiftir áður.

Stjörnuspekingarnir voru hafðir í hávegum miklum, og yfir stjörnuameistarinn gekk konunginum næst í hinu forna Assýriska ríki. Þessi stétt var æðri en sjálf prestastéttin, enda gekk stefna stjörnufræðinnar í þá átt, að ónýta forna goða átrúnaðinn. Þó var trúin á hina fornu guði varðveitt. Í hinu yngra Assýriska ríki höfðu þeir fengið önnur nöfn, Nebo og Maruduk í stað Ea og Silik-mulu-khi. Trúin á guðina og eins hina miklu illvætta fjöld rann nú saman við stjörnuspekina, þó með því móti, að guðirnir héldu öllu sínu valdi. Stjörnurnar voru nefndar þeirra nöfnum, og fullnægði það hvorritveggja—, stjörnuspekinni, er áleit stjörnurnar ráðandi öllu, og guðafræðinni, er eignaði guðunum það vald.

Um leið og þetta varð, breyttist einnig að nokkru leyti hlutfallið milli guðanna og illvættanna. Illvættirnir urðu nú háðir stjörnum guðanna, þó skyldi hvert illvætti hafa leyfi til að vinna mönnum tjón, en það var nú úr þessu háð stöðu stjarnanna sjálfra á himninum, reikistjarnanna og skærustu fastastjarnanna

*) Í þarfir spásagnarlistarinnar var fyrst safnað til slíkra „a n n-á l a“, er fundist hafa í borgar rústum Austurlanda. Það er og upphaf annálaritunar í Norðurálfunni, er Suðurlandapjóðir námu af Persum.

alls 12 að tölu, eins og aðalguðirnir voru margir. Þannig urðu illvættin sem áður upphaf að öllu illu, en þó að eins með leyfi hinna háu guðastjarna. — Á þennan hátt náði bæði stjörnuspekin og særingalistin að standa friðsamlega hver við annarar hlið þrátt fyrir það, þó stjörnuspekin gjöri ráð fyrir, að allt sé lögbundið og útreiknanlegt, en hin, að allt sé háð gjöræði og geðþótta guða og illvætta.

Eins og síðar mun sýnt verða, tóku yngri nágrannaþjóðir við mörgum þessum hugmyndum Kaldea, og hefir margt af því geymst fram á vora daga. Samfara stjörnuspekinni fór spásagnarlistin, og ein grein hennar var hið síðar vitt út breidda dagaaval, þar sem einn er happa- en annar óhappadagur, er í ekkert alvarlegt fyrirtæki má ráðast.

Einkum varð almenn sú íþrótt, að segja fyrir um forlög manna af samstirningu fæðingardagsins. Þá var og byrjað að taka mark á flestum hlutum, flugi fugla, innýflum fórnardýra, sjaldgæfum náttúru fyrirburðum, draumum o. s. frv. Á svipaðan hátt var og mark tekið á vindi og veðri, regni, skýjafari, eldingum, eldinum, hvernig hann logaði og hitaði, þyt í trjánunum, suðu lækjarins, tísti veggjatirtlunnar, er enginn vissi „hvat skepi var“. Þá var höggormurinn þýðingarmikill hjá Kaldeum. Hann var jartein yfirnáttúrlegrar speki, hann var vidlag guðsins Ea sjálfs, spekinnar guðs, enda ætla menn, að í forneskju hafi höggormar verið haldnir í musterum og notaðir sem véfréttir. — Gimsteinar voru í afarmiklum metum í spásagnarlistinni og víðar (sbr. Urim 2 Mosesb. 28. kap.)

Hundurinn varð víst fyrsta húsdýr mannsins, enda fékk háttheldi hans fjarska mikla þýðingu hjá spásagnamönnum. Má þar sjá, að seppar hafa alla daga verið sjálfum sér líkir, og víðar en á Íslandi fylgt húsbændum sínum í kyrkju, því meðal annars stendur í fyrirboðabók Kaldea „M . . . hundur í musterinu boðar það steypiregn.“

Nálega æðst af öllu settu Kaldear draumana, og draumþýðendur nutu mestu virðinga um öll Austurlönd, eins og sjá má af sögunni um Jósef hjá Farao, Daníel o. s. frv. En þó vita menn ekki með vissu nú, hvaða aðferð var notuð við ráðningar drauma.

Spár af rúmfraðismyndum hafa Kaldear tekið, og mun sú aðferð höfð hafa verið, er allmjög tíðkast sýðar, að fleygja sandi úr löku sinni á sléttan flöt, og ráða svo í myndir þær, er sandurinn gjörði, er eftir vissum reglum mátti svo mark taka af. Þetta er uppruni bollalesturs kerlinga nú á dögum.

Að lokum, mun og hlutum hafa verið kastað; t. d. steinum fleygt, örvum skotið, er taka átti mark á og leiðbeina mönnum á ferðalagi, ófriðartínum o. s. frv. (Sbr. Ezek. 21. kap.)

Töfratrú Kaldea og spásagnir var sá margbrotnasti og yfirgripsmesti átrúnaður, er heimurinn hefir nokkru sinni þekkt, enda þróaðist undir áhrifum þess og verkunum mestöll hjátrú og fjölkyngi Norðurálfunnar. Gangurinn er sá, að fyrst dreyfðist kaldverska spekin til nágrannalandsins Medeu, fyrir landnorðan, og prestarnir þar (Magi = töframennirnir) tóku sumpart við henni eins og hún var, en sumpart settu þeir sín eigin fræði í álíka samstæði. Í Perslandi náði hún ekki landsvist, með því Zoroasters trúin bannaði alla fjölkyngi. En er Persar á ríkisárum Kýrusar lögðu undir sig Babýlon (538 f. tt. v.) blönduðust þjóðirnar brátt, og fór þá svo, að töfrafræðingar (Magi) Meda og prestar Babýlónar, Kaldear, náðu jafnmiklu áliti við persnesku hirðina og þeir höfðu í heimkynni sínu. Um þessar mundir voru Gyðingar í útlegð í Babýlon, og komust í kynni við kaldversku spekina og töfra þeirra, enda breiddist hún fljótt út meðal þeirrar þjóðar, sem Enoksbók auk fleiri rita bera með sér. Flest rit þessi voru samín af herleiddum mönnum og afkomendum þeirra og kennd við hina og aðra forfeður Gyðinga, til að gefa þeim meira álit og þýðingu.

Í leynispeki Gyðinga (kabbala) birtist töfrafræði þessi í dulspekisbúningi, og fluttust kenningar þessar með þeim til Norðurálfunnar mjög snemma á tíma. Yfir miðaldirnar náði fræði þessi sér mjög niðri, og blandaðist þá bæði trúarskoðunum og hugsunarhætti manna.

Þegar Grikkir á 5. öld f. tt. v. áttu í ófriðnum mikla við Persa, komust þeir í nán kynni við austurlenzku spekina, og bárust fregnir af henni með þeim um Suðurlönd. Svo þegar að lokum Alexander mikli hafði lagt undir sig Persalönd, og hershöfðingjar hans snéru heim aftur, þá fluttist með þeim og þaðan

eftir fjöldi töframeistara (Magi), er dreifðust út um allan landsuðurluta Norðurlálfunnar. Þar við bættist, að töfrafræði Egypta breiddist þá einnig öflugt út um Grikkland. Má því svo telja, að á 2. öld f. tt. v. hafi bólfest sig í Norðurlálfinni öll austurlenzk og egypzk forneskja, hjátrú og fjölkyngi, og þaðan aldrei að fallu aftur horfið. Egypzka spekin fluttist einnig aðra leið löngu síðar, er Arabar lögðu undir sig Egyptaland og helgundu sér þær lítilfjörlegu leyfar, er þá voru eftir hinnar fornu fræði landsmanna— stjörnuspekiunnar og gullgjörðarlistarinnar— og fluttu með sér síðar til Spánnar. Þeir höfðu þá einnig numið dulspeki Gyðinga, og var þá öllu slengt saman, svo að hin síðari fræðin urðu öllu argari hinum fyrri. En að þessu verður vikið nokkuð gjörr síðar.

HJÁTRÚ OG TÖFRAR HEBREA.

Þegar frá elztu tímum þekktu Gyðingar kyngisspeki Egypta sem annara þjóða, er umhverfis þá bjuggu, og fengust enda við fjölkyngi og töfra. Eftir lögum þeirra var þetta þó stranglega bannað, og lá dauðahegning við, ef uppvíst varð (sbr. 5 Mós. 18 10–12 og 3 Mós. 20.). En bæði munu lög þessi síðar til komin og fremur skrá yfir siðleysishætti þjóðarinnar, en vörn gegn útlendum áhrifum. Ofan að eyðileggingu Júðaríkis voru manna-blót framin við hirðina í Jerúsalem á dögum Manasse og Amon. Og þótt Sál konungur öndverðlega eyddi spákerlingum, þá var það eigi rækilegar en svo, að ein að minnsta kosti var eftir, seiðkonan í Endor, er hann sjálfur lét svo lítið að leita til. Gyðingar voru því sem aðrar þjóðir þá, fullkomlega hneigðir til hjátrúar og fjölkyngis og „galdra og fjölkyngismenn voru í landinu.“

Einnig er það álitamál, hvert lögmálið sjálft, eftir að það var viðtekið, hafi verið laust við fréttaleitanir og spásagnatiltæni. Fáum var gefið sem Móses, að tala augliti til auglitis við Jehóva, og þá hlutu menn að „spyrja“ um hans vilja, hvernær sem vanda bar að höndum. Vissar aðferðir voru við fréttaleitanir þessar, svipaðar og hjá nágrannaþjóðum Gyðinga. Í 1. Samúelsb. lesum vér: „Og Sál spurði drottinn, en drottinn svaraði honum ekki, hvorki í draumi né með Urim (gimsteinum á brjóstskildinum) eða fyrir milligöngu spániannanna.“ Kyrkjuleg

fréttaleitan átti sér því stað, og að spyrja með gimsteinum var án efa mjög gamall siður, er Kaldear tíðkuðu og var á þá leið, að geislar gimsteinsins —er líklega hefir verið á hendi einhvers skurðgoðsins—svöruðu. Draumþýðingar voru eg í miklum metum. Í Samúelsbókunum má sjá, að ypparsti presturinn sjálfur var fréttaleitarinn. Svára var einnig leitað með hlutkesti, og Jehóva svarar Davíð eitt sinn með þyt í skógareikunum. Meira að segja leitar Sál fréttu af framlidnum, og þó er ekki að sjá, að sú aðferð hafi þekkt hjá Kaldeum. Mun hún án efa vera af egyptakum uppruna og þaðan einnig komin til Grikkja, en Hómer eins og Samúelsbókia getur greinilega um slíkan atburð, er Ódysseifur fremur á reglulega töfravísu.

Á 7. öld f. tt. v. fóru Gyðingar að hafa náin kynni af Babilóníu og Assýríumönnum. Lyktaði þeirri viðkyppingu þannig, að þjóðin var svipt sjálfsfornæði og höfðingjar hennar flestir herleiddir til Babilón. Þaðan af, fram að tímatali voru dvöldu Gyðingar austur við Evfrat í Babilón og víðar, og urðu skjótt fullnuma í Austurlandaspekinni, eins og síðari rit þeirra öll bera með sér. Sérstaklega urðu þeir vel heima í allskyns töfrum og saringum, er þeir líka neyttu síðar víðsvegar, og græddu fé á Persuesk djöflatrá og Kaldeu-vísindi blönduðust nú þeirra eigin fræðum. Á gríska tímabilinu byrjaði heimspekileg ihugunarstefna að brjótast fram hjá þeim, og eltir það byrjuðu bókmenntir þeirra að ganga beint í þá átt, að mynda úr þessu eina sameiginlega kenningu — gyðingdóminn með öllum hans kreddum og kynjum, er varað hafa til vorra tíma.

HJÁTRÚ MEDAL GRIKKJA OG RÓMVERJA.

Að Forn-Grikkir hafi þekkt til töfra og fjölkyngis má uggaust ætla, en nokkurn veginn er það víst, að töfrar þeirra og fjölkyngi hafi verið alls annars eðlis en Kaldea. Á Hómersöldinni héldu Grikkir við, auk Olympis guðanna, átrúnað fjölda lægri vera (dísir), er byggðu alla tilveruna, — jafnan hliðhollar mannum, og voru því hollvættir. Það eru fyrst seinni rithöfundar Grikkja, er nefna illvætti, er svára þá í eðli sínu helzt til fylgjanna hjá Norðurlandabúum, en eiginleg ára eða djöfla fræði er eigi til hjá Grikkjum um þessar mundir.

Allt, sem við ber í heiminum, er eftir skoðun þeirra frá guðunum, hvort gott er eða illt. Guðirnir valda sjúkdómum, til þess eftir gæðþekki sinni annaðhvort að gefa manni heilsuna aftur eða senda menn til Hadesar. Jafnvel smávegis böll manna og andstreymi stafar af guðagremi. Ráðið til að mykja þá og bæta er aðallega fórnir og svo ákall og bæn jafnframt, er þeir þó einatt misjafnlega láta sér segjast við. Sá, er í vandræðum á, á venjulega einhvern guðinn sér hliðhollan, er sjaldan bregzt honum, er hinir þá virðast láta afskiptalaust. Hér er því verumunur á trúarskoðun Grikkja og Kaldea með allan illra ára lærdóminn, en aftur dylst ekki, að skoðunum Forn-Grikkja og forfeðra vorra svipar mjög saman.

Samt er nú svo, að við og við koma fyrir illvættir hjá Grikkjum, og fjölkyngi er þeim alls eigi ókunn, og þarf ekki annað en vísa til Hómers kvæðanna, þar sem hin goðborna Kirké breytti fórnnautum Odysseifs í svín.

Hitt, að mennskir menn fáist við slíkt, er fjarlægt skoðun Grikkja, þótt fyrir komi, að stöku sinnum sé gripið til töfra.

Aftur á móti var spádómslistin þeim mjög lagin, og fékk hún á sig nýja og alveg óþekktu mynd í hinum nafnfrægu véfréttum. Véfréttin átti ekkert skylt við fjölkyngi eða töfra, heldur stóð hún í nánu sambandi við guðatrúna, því það voru guðirnir sjálfir er véfréttarsvörin gáfu, annaðhvort með orðum eða táknum.

Tvær merkustu véfréttir Grikkja voru Appollos véfréttin í Delphis og Zevs véfréttin hjá Dodóna í Epírus. Á báðum stöðum voru það hofgyðjur, er gáfu svörin fyrir munn guðanna. — Auk þessa voru í þá tíð reglulegir spámenn, er sögðu fyrir óorðna hluti, þýddu fyrirburði og fyrirboða, sem flug flugla, eldingar o. s. frv.

Um og eftir árið 500 f. tt. v. eftir persnesku stríðin fer áralærdómur og fjölkyngi Austurlanda að ná sér þar niðri. Í Þessalíu, þar sem Persar höfðust mest við, meðan á ófriðnum stóð, verður þessa fyrst vart. Meðal nornanna, sem komu upp í Þessalíu, er upphaf fundið að öllum fordæðuskap, er síðar gaus upp á miðöldunum (nornasveim, gandreifum o. s. frv.). Skoðanir þessar efdust við ýmsar nýjar heimspekiskenningar, svo

sem sálnaflakkskenningar Pythagorasar, Empedoklesar o. fl.— Þótt trú á illvætti og ára yrði almenn, sluppu þó ekki guðirnir alveg frá hlutdeild í fjölkyngi og öðrum fordæðuskap. Þannig varð tunglgyðjan Hekaté brátt verndargyðja seids og töfra, og er stundir liðu, fékk hún föruneyti óæðri norna og seiðkvenda.

Eftir daga Alexanders kennir nýrra áhrifa að austan og jafnframt frá Egyptalandi. Persneskir og egyptzkir spámenn fóru í hópum um landið og nefndust þá ýmist Kaldear eða tölvisis spekingar. Kynntust Grikkir þá til fulls austrænu trúarbrögðunum og djöllafræðinni, er alþýða manna brátt tók að bera ugg og ótta fyrir. Hinir góðu gömlu guðir þeirra voru þá farnir að falla að tigninni. Bæði skákl og heimspekingar höfðu gjört þá hlægilega í augum lýðsins, og þannig reitt til rothöggs við þá. Nýir guðir, er á allt annan veg voru boðaðir, fengu aðgöngu og voru dýrkaðir að austrænum síð með áköllum og særingum— og það á framandi tungum— Persnesku, Assýrisku og Egyptzku, er tólkið skildi ekki og afbakaði því, unz allt var orðið meiningarlausar þular. En töframenn og spámenn voru hvarvetna og héldu trúnni við.....

Frá fyrri tímum eru til fáar áreiðanlegar sagnir af Rómverjum. Eins konar dularfulla guðadýrkun, töfralistir og særingar höfðu þeir þó mjög saemna, eins og sjá má af lagatöflum þeirra, að meðal þeirra voru sérskildar stéttir manna, er gjörninga höfðu í frammi. Að líkindum hafa þeir þó haft töfra sína flesta frá nágrönnum sínum, Etrúskum, er mikla menningu höfðu löngu á undan þeim.

Eins og hjá Grikkjum var spásagnarlistin í miklum metum meðal Rómverja. Viss flokkur spásagnarmanna, er nefndir voru Augurar, vora þar reglulegir embættismenn, er komast áttu eftir vilja guðanna— einkum af flugi fugla og þ.h.—, og varðveita á þann hátt heill ríkisins. Sá var höfudmismunur Grikkja og Rómverja, að hinir fyrri litu jafnan mest á hag og heill einstaklingsins, en hjá þeim síðari snýst allt um ríkið, og draga trúarbrögðin dái af því.

Rómverjar höfðu engar véfréttir hjá sér, en í þeirra stað kom fuglaspáin. Er leitað var fréttu, fór Augurinn með staf sinn um vissan landshluta, þar sem teiknið átti að sýna sig á,

er goðin sendu, og átti hann svo að þýða það sem já eða nei upp á hina fyrirbyggjandi spurningu. Eftir svari þessu var farið, sem kæmi það frá guðunum. Meðan á fréttaleitun stóð, frambar Augurinn bænir, en töfra enga hafði hann í frammi.

Þá voru og hin „helgu fræns“, er mark var tekið á, hvernig þau átu kornið, er fleygt var fyrir þau. Enn fremur var mismunandi garg ýmsra fugla nokkurskonar „vitrun“, er Augurarnir útlögðu.

Þá voru og enn aðrir menn, Haruspícarnir, er spáðu af innýflum fórnardýra, en sá siður var kominn frá Etrúskum til Rómverja.

Þótt Rómverjar hefðu enga véfrétt og leituðu einatt í vanda-málum til Delphis, þá áttu þeir þó merkilegt töfrafræðissafn—Sybyllisku spárnar, er geymdar voru í musteri Júpíters á Kapítels hæð. Voru menn settir til að þýða þær, og þeir aðspurðir, er einhvern vanda bar að höndum. Allt þetta var með umsjón ríkisins, og var innihaldi spánna haldið harðleyndu fyrir öllum óviðkomandi. Ritsafn þetta fórst nokkru síðar í eldsvoða þar í borginni.

Eftir því sem Rómverjar færðu út vald sitt og ríki og kynntust meir útlendum þjóðum, tóku þeir jafnt við trúar sem hjátrúar hugmyndum þeirra.

Sauðamaður og sauðirnir.

„Hvernig geðjast þér að sauðunum, það er að segja stöku skepnu?“— „O, eg get ekki sagt, að eg hafi tekið neinu sérlegu ástfóstri við þá, þeir eru eiginlega ekki þær skepnur, sem maður legði það á sig fyrir, að sitja uppi um nætur til að tala við“,—svaraði Villi.— „Já“, mælti Jónas, „það er ekki mikið í augunum á þeim að undanteknum þessum kopargljáa, og sauðarsvip. Þeir geta heldur ekki einu sinni dinglað rófunni eins og hundar. Oft hefir það glatt mig, að það skuli vera til dýr, sem getur talað, þótt með rófunni sé. — Þeir eru annars eitthvað óverulegar

skepnur, sem væri þeir alls ekki af þessum heimi. Og sjái þeir góða hentugleika á því að verða afvelta eða drepast, svo leggjast þeir æfinlega niður og bíða þess að tilkomi-þitt-ríki. Þeir eru sannarlegir glaseygðir píslarvottar frá nefinu hebreska aftur að rófunni ráðalausú.

„Svo þér geðjast ekki að þeim heldur?“ spurði Villi.

„Nei, hvorki sem stöku skepnu og því síður mörgum í hóp. Það má vel vera, að þeir sé nógu góðir til að prýða haglendið á sólríkum sumardegum, — en hvað um það. Það er sagt, að í ritningunni sé þeir skepurnar, sem látanar sé tákna mannkynið, og fari eg þá norður og niður, hafi eg ekki margan kristinn mann séð, er líkist þeim í allan handa máta.“

(Þýtt).

Eftirþankar um trúmálafundina.

Síðan trúmálafundirnir voru haldnir hér á dögnum, hefir mönnum orðið tíðrætt um afdrif þeirra og að hverju þeir leiddu. Eins og sjá má af fréttum þeim, er „Heimir“ flutti af fundum þessum, sem haldnir voru í bænum, þá drógust allar umræður á hverjum fundinum fyrir sig saman í eitt orð—eina skipan. Á norðurfundinum var skipanin „Þegi þú“, en á þeim syðri „Gakk í söfnuðinn.“ Síðan var haldinn fundur í Selkirk, eins og skýrt er frá í „Baldri“ og „Lögb.“, og gekk hann í sömu átt, að því, að þar varð hið sama ofan á, að draga mátti innihald allra ræðanna saman í eitt orð. Orðið, sem þar réði, var og valdboð—: „Fá oss í hendur allt, sem þú átt.“ — Setji maður nú þessar þrjár setningar saman eftir þeirri röð, sem þær voru ræddar, er gátan ráðin, hver niðurstaðan hafi orðið með þessum fundum. — „Þegi þú, gakktu í söfnuðinn, og fáðu oss í hendur allt, sem þú átt.“ — — — — —

Að slíkar skipanir sé látanar út ganga til almennings hér í landi fríkyrkjunnar og frelsisins, er næsta nýstárlegt, og lítið fer það að verða betra en þar, sem ríkiskyrkjan drottnar með þús-

und ára löggjöf að baki sér, — löggjöf, sem þannig er yfirgripsmikil orðin, að í járngreipum hennar er ekki að eins hver hreyfing þjóðarinnar harðlæst, heldur og líkami og sál, augu, eyru og allir limir, skynsemi og öll skilningarvit, hús og heimili, konur og börn. Hversu lengi menn eira því, er enn ósöð.

* * *

Haustið 1891 (7. okt.) stóð eftirfylgjandi grein í Lögbergi, sem tekin hafði verið upp úr ritgjörð, er síra Matthías skrifaði í „Norðurljósið“ það sama sumar um illdeilur kyrkjufélagsins við síra Magnús J. Skaftason.

„Við vitum, að þið búið innan um prestsligað og í trúarskoðunum ómyndugt fólk og ófrjálsa söfnuði, þar sem s a n n u r kristindómur er yfirskin, þó bróstulega sé látið; við vitum, að þið búið innan um ríkari söfnuði og leitið veraldar virðingar og menningar, en þar sem auður og völd, svik og sundurgerð, húmbúg og hleypidómar ráða miklu meira en kærleiki, sannleiki, réttvísi, hreinskilni, þar skapast ekki sannur kristindómur með v a l d b o ð u m, sem nálega eingöngu eru studd með hjátrúarhótunum og fornri venju.“—

Greininni var gífurlega mótmælt sem framhlepni og illkvittni og óverðskuldaðri á r á s af hendi síra Matthíasar í garð saklausra manna.

Um það leyti er ekki ómögulegt, að sumir hafi haft ástæðu til að taka sér allnærri það, sem þar er sagt, því trúmáladeilan var þá svo spánný, að menn voru naumast farnir að átta sig á því, hvorir hefði rétt að mæla. Þeir voru „nýkomnir að heiman og nýfarnir að sjá“, og fram að þeim tíma höfðu mjög lítið hugsað út í trúmál. En síðan hefir þetta þó skýrst svo fyrir fólki, að það er fyrir löngu búið að átta sig á þeim málum, komast augliti til auglitis við öfgarnar og lygaþvættinginn, svo að þannig löguð skorinyrði særa ekki frammar réttlætistilfinningu nokkurs manns.

Viða munu þau þó enn þá þykja óviðfeldin, sérstaklega þó vegna þess, að þau hreyfa hendi við eymslum og brisum félagslífsins. En svo verður aldrei hjá því komist, ef skýra á rétt frá. Margur hefir ætlað, að meininga og skoðana munur gæti átt sér stað, án þess að hatur og fyrirlitning frá manni til manns þyrfti

að vaxa upp. Það hefir þó ekki lánast til þessa á meðal vor Íslendinga. Til þess, ef hægt væri að koma mótstöðumönnunum á kné, hefir ósjart verið notað baktal, rógur, hatur og önnur ósæmileg meðöl. Mennt hafa fengið af sér, að tala ver um landa sína en hina verstu óbótamenn, og það í nafni kristinnar trúar, þótt það sé á allra manna meðvitund, og ekki sízt þeirra sjálfra, að trúarsannfæringin er ekki til fyrir einu einasta atriði, sem er verið að flagga með.

Óeinlægnin, óhreinskilnin, undirferli og svik hafa þróast með hverjum degi. Tortryggnin vaxið svo, að naumast þorir vinur að trúá vini. En að sama skapi hefir glamrið og gólið færst í vöxt, húrra-óp og húmbúg. Félagslíf vort Íslendinga í þessum bæ er allt ormsmogið og gegnumsyrt af þessum meinum. Það er læðingurinn, er liggur yfir öllu og hábindur heilbrigða skynsemi og vit. Alvöruleysi, óordheldni, andlegt og „ethikalskt“ trúleysi geysar eins og bráðapest bæ frá bæ, hús úr húsi. Mennt trúá helzt engu, ekki einu sinni sannleikanum, en treysta eingöngu á brögð og slægvisku. Stefnuleysi, ósjálfstæði og undirgefni eru ávextirnir. Og það er sannarlega kominn tími til, að eitthvað sé hróflað við þessu, og fólk fari að hrista af sér svefninn og slíta af sér þenna læðing.

Trúmál, sé þau sannfæringarmál og því trúmál, eru allt of mikilvæg og helg til þess, að þau sé látin falla í þannig lagaðan farveg. Þau bera þá ekki lengur hreinleikann inn í hugskot manna. Þau eru ekki neinn gleðiboðskapur úr því. Þau verða aldrei því valdandi, að Ísland né Íslendingar blási upp, en „dýpra og dýpra“ sökkva þau þeim, svo „þeir koma aldrei upp að eilífu.“

Gort, flysjungsháttur, brögðmælgí, slúður, fáryrði, uppnefningar og atvinnurógur eru þeir þræðir, sem teygðir hafa verið úr trúkreddulopánum nú í mörg ár upp í smábandsrokk afturhaldsins, og hafa morgunverkin orðið mörgum umhleyppingnum drjúg. Enda hefir nú verið efnt til vefs, vefurinn festur upp, ofinn og skorinn í klæði og skrúða æðstu prestanna og öldunga ráðsins—þeim til verðugrar æru fyrir vel unnið dagsverk.

Ár eftir ár hefir aðvinnslumátinn verið sá sami í öllum félagsmálum. Það hefir verið efnt til málfunda, boð verið borin

út, að öllum væri þar frjálst og frítt að koma og ræða mál þau, er fyrir fundunum lægi, en er til hefir átt að taka, þá hafa þeir einir mátt láta skoðun sína í ljós, er safnaðarmenn voru. Hinir hafa verið tældir á fundina undir því yfirskini, að þeir ætti þar jafnréttis að njóta, og við þá yrði skift sem ærlega menn af ærlegum mönnum. En reyndin hefir jafnan orðið sú sama: Í stað þess, að þeir fái leyfi til að skýra afstöðu sína, bera saman skoðanir sínar við hinna — er vitanlega leiddi bæði til virðingar fyrir báða flokkana og vingjarnlegrar viðkynningar—, þá er þeim skipuð þögnin ein og þeir ausnir niði og hrópaðir háðung. Oss hefir oft stórlega furðað, hvað íslensk alþýða—jafn ærleg og hún er— tekur með mikilli þögn og þolinmæði slíkum fundahöldum. Svo virðist sem drenglyndið sé mjög farið að úreldast, þegar menn geta fjölmennt á þannig löguð mót, að eins til þess að heyra fámennan flokk manna, er ekkert mannsbarn hefir enn getað neitað um göfugleik og góðan tilgang, og ekkert hefir til saka unnið annað en hafa sjálfstæða skoðun, — niðdan og svívirtan, án þess hann fái að bera hönd fyrir höfuð sér. Hefir enn enginn þeirra manna, er þá fundi hefir sótt, spurt sig nokkru sinni þeirrar spurningar, hvert ekki væri hægt að halda uppi kyrkju og kristindómi á neinn annan mannúðarfyllri hátt, og svo ef það væri ekki hægt, hvert það væri þá ómaksins vert, að vera að því.— Fer ekki að verða mjög líttill fengur að kyrkjuhaldi, ef af því þarf að leiðast, að jafn fúlmannlegur afmönnunarbragur og hvílir yfir fundum þessum nái að breiðast yfir þjóðlífið? Vér trúum því tæpast, að almenningur, utan safnaða eða innan, fái af sér mikið lengur, að klappa lof í lófa yfir slíkri aðferð, né fái sig til að fylla flokk þeirra, er vega að baki manna. Segjum svo, að margur lútherskur maður trúi mjög einlæglega öllu því, er sú kyrkja kennir, þá kemur engum til hugar, að lasta þá fyrir það; en því síður ætti þeir hinir sömu að hugsa öðrum illt, þótt þeir tryði einhverju öðru. Því er svo varið meðal vor Íslendinga, að trú gengur ekki endilega í ættir, og mörg heimili eru tvískift að trúarskoðunum. Það eru lútherskir foreldrar og unitarísk börn og í einstöku tilfelli lúthersk börn og unitarískir foreldrar. Hvað er eðlilegra, en að frændalið þannig tengt gæti og ætti að lifa saman í ást og eindrægni, eins fyrir því? Einstaklingurinn er

frjáls að hegða skoðun sinni á þann hátt, er honum er eðlilegastur, meðan hann brýtur hvorki landslög eða siðferðisreglur siðaðra manna með því móti. Lútherski hluti heimilisins hefir engan rétt til þess, að kalla hinn hlutann „útsendara andskotans“ eða „verkfæri djöfulsins“, meðan engar sakir eru til, nema skiftar skoðanir á trú. Enda hugsast oss, að hvert foreldri myndi hugsa sig tvisvar um, áður en það veldi börnum sínum þau orð. Með þessu orðalagi hafa þó prestarnir lúthersku gengið á undan og sagt, að allir þeir, er andvígir væri kyrkjufélaginu — væri slík „verkfæri“ og „útsendarar“.

Menn mega fara að verða stoltir af orðbragði og kurteisi þessara andlegu leiðtoga sinna, einkum líka þar sem að sjálfur biskupssonurinn gengur á undan með slíkum munnsöfnuði. Það er gervilegur hópur og allhermannlegur — þeir klerkarnir, í aðskornum kjólum, haldandi ráðstefnur á náttarþeli, til að bölvva andstæðingum sínum og ráðgast um, hversu þeir fái rutt þeim úr vegi. —

Nýfundin fornrit.

[ÞÝTT ÚR „BIBLICAL WORLD“].

Fræðimenn hafa allt af verið að vona, að innan um allan handritafjöldann, er fundist hefir í Egyptalandi nú í seinni tíð, myndi finnast einhver brot, er að liði mætti verða í textarannsóknunum N. Testam. Enda hefir þeim orðið að trú sinni, þótt ekki væri nema með fundi Oxyrhynchus handritsins af Matt. I. kap. og Jóh. I. og 20. kap., er fannst árið 1897. Handritabrot þetta er álitid vera frá miðbiki 3. aldar, og því hið elzta, sem til er af N. Testam.

Árið 1903 fannst á sama stað (Oxyrhynchus) allmikið brot af pistlinum til hinna Hebresku. Þetta handrit er öllu eldra en það fyrra, og skráð á lengjur, og því ólíkt þeim, sem áður hafa fundist af N. T. Það byrjar á öðrum kapitula pistilsins, og er í þremur köflum, nefnilega 2, 14—5, 5; 10, 8—11, 13; 11, 28—12, 17, skrifað í breiðum dálkum, sem eru liðaðir í sundur, og er fyrsti

liðurinn 47, svo sjá má á því, að það vantar mikið framan við handritið. Þess er getið til, að bréfin til Ephesus safnaðar, Philippi, Kolossi og Þessaloníku hafi verið framan við það, því svo eru þau í flestum fornum handritum, er enn hafa fundist.

Þá hefir og fundist brot af G. Testam. á grísku útleggingsunni fornu, þar á sömu stöðvum. Brotin eru af 14, 15, 19, 20 24, og 27, kapitula Genesis, og eru álitin vera frá öndverðri 3ju öld. Öll þessi brot, sem þegar eru talin, eru álitin mjög þýðingarmikil fyrir textaleiðréttingar og útgáfur biblíunnar, og ber þeim víða ekki saman við það, sem nú stendur í hinum prentuðu útgáfum vorum á biblíunni.

Þá er handritabrot af einhverju ókunnu apokryfisku guðspjalli, er fannst síðastliðið ár. Handrit þetta er afar fornt, og talið til fyrsta hluta 3. aldarinnar, og hvað mikið eldra að sjálft guðspjallið er, er ervitt að segja. Að efni og orðfæri svipar broti þessu til 6. kap. Matt. guðspjalls, Lúk. 12, Guðsp. til hinna E-gypzku og hinum svo nefnda síðari pistli Klements til Korintumanna. Fyrstu 23 línurnar eru á þessa leið:

„Berid engar áhyggjur, frá morgni til kvelds né frá kveldi til morguns, hvorki fyrir fæðunni, hvað þér skuluð eta, né fyrir klæðnaðinum, hverju þér skuluð klæðast. Þér eruð meira verðir en liljugrösín, er skryðast, og spinna þau þó ekki. Hafið þér einn kyrtil, hvers er yður þá vant? Hver er sá, er aukið getur við hæð yðar? Hann mun og sjá yður fyrir klæðum.— Lærisveinar hans sögðu þá til hans: Hvenær munt þú opinberast oss, og nær munum vér sjá þig? Og hann svaraði: Þá þér eruð naktir og blygðist yðar ekki.” (41-6 línu) „Lykil vizkunnar hafið þér falið, sjálfir gangið þér ekki inn, og fyrir þeim, sem farið hefði inn, upplukuð þér ekki.“

Ásamt þessum biblíuhandritabrotum hefir einnig fundist vottorð frá ríkisárum Deciusar, eða eiður, er menn unnu á þeim tíma að því, að þeir hefði fórnfært fyrir guðunum, eins og lögin ákváðu. Trúleysi á fornan sið var þá orðið svo mikið, að krafist var af mönnum, að þeir hefði þessa trúarbragða „passa“, er þeir gátu ekki fengið nema með því, að framkvæma það, sem fyrirskipað var af musterisyfirvöldunum, og var það aðallega

gjört hinum forna sið til eflingar og viðhalds.*) Tvenn samskonar rit hafa áður fundist frá öðrum héruðum, og eru þau á þekk mjög að efni og orðalagi. Þau ávarpa umsjónarnefnd, er hafði með höndum að líta eftir rétttrúnaði manna, og þá hefja rannsóknir á kærum gagnvart þeim, er grunaðir voru um goðgá og önnur afgang. Skýrslan er á þessa leið.

„Til umsjónarmanns við fórnir og blót í borginni (Oxyrhynchus) frá Aurelíusi syni Theodorúsar og Pantonymisar, sömu borgar. Það hefir jafnan verið siður minn að frambera fórnir og gjöra úthellingar fyrir guðunum, og nú síðast í nærveru yðar hefi eg ásamt með syni mínum Aurelíusi Dioscorus og dóttur Aurelíu Lais, að skipan keisarans úthellt víninu og fórnfært og ennfremur neytt hluta fórnarinnar. Eg beiðist þess vegna staðfestingar yðar á þessari játningu minni.

Á fyrsta ári keisarans C. G. M. Q. Trajanus Decius. P. F. Augustus. Pauni 20.“

Ártalið yrði eftir nútíðar tímatali árið 250 þann 21. júní.— Undirskriftir fylgdu með á skjalinu, en mjög voru þær máðar, svo ekki var hægt að lesa þær.



„Míðaldasálmar, kveðnir af klausturdýrðlingum, að orðalagi sjálfsagt samhljóða trúartilfinningu þeirra, er sömdu þá, voru vegna þess,— að þeir voru samdir af helgum mönnum,— teknir til almennrar notkunar í kyrkjunni fyrir fólk, er þeir að engu leyti hæfðu, og aldrei hefði átt að vera fyrirskipað, að brúka þá.“— Orð þessi, sem tekin eru úr ræðu eftir hinn nú lifandi erkibiskup Englendinga í Canterbury, bera með sér margt

*) Það er næstum eins og undirskriftirnar hér í bænnum innan viss safnaðar, um loforð og skuldbindingu að sækja „kyrkjuna sína“ að sér heilum og lifandi, morgun og kveld, árið út og árið inn og ekki út af að bregða. Fremur virðist trúnni vera farið að hnigna, þegar til þeirra ráða þarf að taka, og áhuginn farinn að verða hæruskotinn. —

fleira en hér er sagt. Það eru ekki eingöngu sálmarnir frá miðöldunum, heldur og einnig sumt „Retormatións“ dótið, sem menn eru beðnir að brúka sér til andlegrar uppbyggingar, er eitthvað væri að athuga við, væri því nokkru sinni gaumur gefinn. Margar trúarbragðalegar hugmyndir vorra tíma eru að meira eða minna leyti úr lagi færðar vegna sálma þeirra, er vér syngjum við messur og önnur hátíðleg tækifæri.

Ef vér lítum á sálmasöfn og bækur kyrkna þeirra, er standa á tiltölulega háu menningarstigi og jafnvel margra þeirra allra frjálslyndustu, verðum vér þess skjótt varir, að undantekningarlaust eru sálmur þeirra flestir samdir annaðhvort af virkilegum andans mikilmennum umliðinna alda, eða þá „meðalmönnum“ og andlausum meinleysingjum vorra tíma. En það, að menn geta komið saman stöku, er engin fullgild ástæða til, að trúfræði þeirra sé viðhaldið. -- Það er óhamingja mikil, að þeir menn, hverra trúarskoðanir og lífsskoðanir ætti að verða sem almennastar, skuli ekki eða geti ekki ort sálma. en að þeir gjörist sálmaskáld, sem hvorki eru með heilbrigðum sönsum né flytjendur hollra skoðana. Það er hvorki rétt né viturlegt að halda dauðahaldi í kenningar eða uppfræðslumáta liðinna alda af ein-tómri viðkvæmni og meðaumkunarsemi með því, sem liðið er. En þó er það öllu óviturlegar, að halda í gömul sálmabrot, sem eru full meinlegra: fávizku og villandi orðatiltækja, að eins þess vegna, að þau hafa verið um hönd höfð og sungin af þeim, sem vér elskum og virðum, en nú hafa tekið heima í mold og gróf.

Sérstaklega eru það þó sumar gömlu þýðingarnar, er gjarnan an mætti missa sig,-- ef vér lítum til íslenzku sálmabókarinnar,-- ekki sízt þar sem bæði val og þýðing hefir gjörst af smekklausri hendingu. Þessum gömlu fornmenjum hefir þó alltaf verið haldið við í íslenzkum sálmasöfnum. Með hverri nýrri útgáfu eru þessar gömlu þýðingar bættar og stagaðar saman, svo hægt sé að láta þær halda út eina vertíðina enn. En ekki er ólíklegt, að senn fari flíkin svo að fyrnast, að hlíta verði ráðunum þeim, að leggja ekki nýja bót á gamalt fat.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 árs. -- Útsendingu og Innheimtu annast Björn Pétursson, 553 Sarzent Ave. Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Ritstjóri sra Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.